

Nd.

13. Frumvarp til laga

um bann gegn botnvörpu- og dragnótaveiðum í Faxaflóa.

Flm.: Pétur Ottesen.

1. gr.

Íslenzkum ríkisborgurum eru bannaðar fiskveiðar með botnvörpum og dragnótum í Faxaflóa, innan línu, sem dregin er frá yztu tá Öndverðarness og yztu tá Reykjaness.

2. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum og öðrum viðurlögum, svo sem brotið væri gegn lögum um bann gegn botnvörpuveiðum og lögum um bann gegn dragnótaveiði i landhelgi.

Mál út af brotum sæta meðferð opinberra mála.

Greinargerð.

Á aðalþingi 1943 flutti ég frv. þetta, en það náði þá ekki fram að ganga.

Í greinargerð, sem fylgir till. þeirri til þingssál. um friðun Faxaflóa, sem ég flyt samhliða þessu frv., er gerð grein fyrir nauðsyn þeirri, sem á því er að fá aukna friðun fyrir botnvörpu- og dragnótaveiðum á helztu hrygningar- og klakstöðvum nytjafiskanna hér við land. Þarf eigi að ræða það mál frekar hér. Er í tillögunni lagt til, að teknir verði upp að nýju samningar um algera friðun Faxaflóa fyrir botnvörpu- og dragnótaveiðum, en það mál var síðast rætt á alþjóðafundi í Englandi á árinu 1943.

Með samþykkt þessa frv. vil ég láta það koma skýrt í ljós, hve ríka áherzlu Íslendingar leggja á það að geta fengið því til vegar komið, að Faxaflói verði leystur undan botnvörpuveiðaánaðinni. Þetta sýnir og, svo eigi verður um deilt, hvað Íslendingar vilja leggja í sölurnar fyrir þetta sameiginlega hagsmunamál allra þeirra, er fiskveiðar stunda við Ísland. Það getur ekki orkað tvímælis, að slik ráðstöfun er hálfu Íslendinga er mjög veigamikill þáttur í baráttu okkar fyrir því, að hann af aðar verði með öllu botnvörpu- og dragnótaveiðar í Faxaflóa og þannig verða til þess að flýta fyrir því, að alþjóðasamkomulag næðist um það mál.